

Alþingi
Erindi nr. P 136/1086
komudagur 9.3.2009

136. löggjafarþing 2008-2009.
Þskj. 63 – 63. mál.

Umsögn um frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Framtíð samtök sjálfstæðra í sjávarútvegi fagnar þessari umræðu og ályktar sem hér segir um þetta mál.

Tímabilið 1. apríl til 1. október er mjög góð tímaviðmiðun sem flestir ættu að geta sætt sig við.

Um stærðarviðmiðun viljum við benda á og vara við eftirfarandi atriðum.

Að okkar mati er 30 brúttórúmllestir sem stærðarviðmiðun helst til of mikil. Bátar sem eru 30 brúttórúmllestir eru ekki neinir smábátar í viðum skilningi og til að varpa betur ljósi á þessa stærð sem um ræðir þá setjum við hér inn upplýsingar um bát sem er tæpar 30 brúttórúmllestir.

Brúttórúmllestir 28.9 Nettótonn 11.6 Brúttótonn 38.6 Rúmtala 161.0 Mesta lengd 17.55
Skráð lengd 15.96 Breidd 5.26 Dýpt 2.14


Að okkar mati gæti það reynst frekar umdeilt að hleypa bátum af þessari stærð á stað til óheftra handfæraveiða þótt settar séu reglur um fjórar sjálvvirkar rúllur sem hámark.

Framtíð samtök sjálfstæðra í sjávarútvegi lagði fram tillögur í febrúar 2008 að kerfi sem við köllum standveiðibátar, þar lögðum við til að bátar bátum undir 13 metrum að mestu lengd fengju leyfi til veiða í dagakerfi.

Það er okkar skoðum á þessu frumvarpi að endurskoða megi stærðarviðmiðunina með lækkun niður í 12 til 15 brúttórúmllestir sem hámarks stærðarviðmiðun.

Fyrir hönd Framtíðar

Hallgrímur Guðmundsson formaður



Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 136/940
komudagur 26.2.2009

Reykjavík, 24.02.2009
Tilv. 23.1
JS/sdk

Málefni: Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, veiðiréttur, 63. mál, 136. löggj.þing 2008-2009

Vísað er í erindi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis dagsett 19. febrúar 2009 um ofangreint frumvarp til breytingar á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Komi til lagasetningar í samræmi við þetta frumvarp er gert ráð fyrir að ákveðinn hluti afla hafi ekki áhrif á heildarúthlutun aflamarks.

Hafrannsóknastofnunin telur nauðsynlegt að tekið sé fullt tillit til alls afla sem á land kemur við ákvörðun og úthlutun aflamarks, enda gera tillögur stofnunarinnar um hámarksafla ráð fyrir að svo sé gert.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,

Jóhann Sigurjónsson

Alþingi
Erindi nr. P 136/1207
komudagur 11.3.2009



Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

11. mars 2009

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 63. mál, veiðiréttur.

Landssamband smábátæigenda (LS) styður framkomid frumvarp og vísar til samþykktu aðalfunda LS allar götur síðan 1985 um frjálrsæði til handfæraveiða. Þessar samþykktir hafa verið með ýmsum blæbrigðum en oftast en ekki orðuð eins og á síðasta aðalfundi LS í október 2008:

„Aðalfundur Landssambands smábátæigenda 2008 samþykkir að gefa handfæraveiðar frjálrsar.“

Að auki samþykkti aðalfundurinn eftirfarandi, í ljósi þess að þróun handfæraveiða við landið hefur verið í þveröfuga átt við samþykktina að ofan:

„Aðalfundur Landssambands smábátæigenda 2008 samþykkir handfæraávilnun.“

Greinargerð: Handfæraveiðar hafa orðið fyrir mestri skerðingu vegna þess að aflaheimildir þeirra eru nær eingöngu í þorski. Stuðningur við handfæraveiðar er stuðningur við sjávarbyggðirnar. Hér gilda því sömu rök og eiga við um línuávilnun. Það yrði vonandi til að halda í þá fáu báta sem eftir eru. Það er líka ástæða fyrir okkur að varðveita verkþekkingu og þekkingu á lífríki og veiðimunstri á grunnsævi sem annars gæti glatast.“

Rétt er að taka fram að tillögur LS varðandi handfæraveiðar hafa verið hugsaðar fyrir smábátaflotann eins og hann er skilgreindur samkvæmt lögum. Þá hafa verið samþykktar tillögur sem takmarka þetta frelsi við báta undir 6 tonnum.


LS vill benda á að texti frumvarpsins er gallaður. Í hann vantar skilgreiningu á því hvers konar heimild til fiskveiða um er að ræða. Vætanlega er það „heimild til fiskveiða í atvinnuskyni“ og því þarf að lagfæra fyrstu setningu frumvarpsins á þennan veg (breytingar feitletraðar):

„Þrátt fyrir önnur ákvæði þessara laga er öllum þeim íslenskum ríkisborgurum sem hafa tilskilin réttindi til skipstjórnar og vélstjórnar, ef þess er krafist vegna stærðar vélar viðkomandi báts, heimilt að stunda fiskveiðar í atvinnuskyni á eigin bát með tveimur sjálfvirkum handfærarúllum á tímabilinu 1. apríl til 1. október ár hvert.“

Þá telur LS að misræmis gæti milli fyrstu setningar, þar sem talað er um „eigin bát“ og „tvær sjálfvirkar handfærarúllur“ og fjórðu setningar þar sem talað er um „áhöfn“ og „fjórar rúllur“.

Upptalning á skilyrðum um skips- og vélstjórnarréttindi, tilkynningaskyldu og haffæri er óþörf. Leyfi til fiskiveiða í atvinnuskyni samkvæmt núgildandi lögum eru háð framangreindu.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssambands smábátæigenda



Arthur Bogason
formaður



Reiknistofa fiskmarkaða hf • Iðavöllum 7 • Pósthólf 45 • 232 Reykjanesbær • Sími 420 2000 • Fax 420 2001 • Netfang: rsf@rsf.is

www.rsf.is

Alþingi
Erindi nr. P 136/939
komudagur 26.2.2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 63. mál veiðiréttur.

Gerð er athugasemd við 1. gr. frumvarpsins.

Við 1. gr bætist:


Sá fiskur sem veiddur er samkvæmt þessu frumvarpi skal boðin upp á opinberum íslenskum fiskmarkaða.

Greinargerð:

Ef þetta frumvarp nær fram að ganga, getur verið um umtalsvert aflamagn að ræða. Til að réttlæta þessa heimild verður að gera fiskverkendum kleyft að bjóða í þennan fisk á jafnréttisgrunni og hámarka þannig verðmæti hans.

Þar sem flutningsmenn hafa verið öflugir talsmenn þess að fiskur verði boðin upp á fiskmarkaða er það trúlega gleyska þeirra frekar en ásetningur sem veldur því að þetta ákvæði hefur gleymst.

F.h Reiknistofu fiskmarkaða hf
Bjarni Áskelsson



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/1276
komudagur 18. 3. 2009

Reykjavík 17. mars 2009.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, 63. mál.

Sjómannasamband Íslands getur ekki tekið undir frumvarpið. Verði ákvæði þess að lögum yrði um mikla mismunun að ræða sem ekki er hægt að réttlæta. Því hafnar Sjómannasamband Íslands frumvarpinu.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/1141
komudagur 10.3.2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 6. mars 2009
Tilvísun: UST20090200118/þek

Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 63. mál, veiðiréttur.

Með bréfi, dags. 19. febrúar 2008, sendi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis Umhverfisstofnun til umsagnar frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 63. mál, veiðiréttur.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt


Sigrún Agústs dóttir